

Dags eftirlits	21.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Íslenska gámafélagið	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Koparsléttu 22	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4705962289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Ólafsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið voru skráð sjö frávik frá starfsleyfi: vegna ársyfirlits 2024, skorts á vöktunarmælingum árið 2024, skorts á söfnunarpró, rangrar olíuskilju, of hárra gilda í mælingum 2023, geymslu spilliefna utandyra og verklags um eftirlit með mengunarvarnabúnaði.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Íslenska Gámafélagsins ehf. í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Rekstraraðili hefur heimild til að taka á móti að hámarki 1000 tonnum af spilliefnum á ári, ýmist til undirbúnings fyrir förgun eða endurnýtingu. Magn úrgangs á athafnasvæði skal haldið í lágmarki og aldrei fara yfir 300 tonn hverju sinni.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða frá síðasta eftirliti
- Áhættumat
- Skil samkvæmt starfsleyfi
- Vöktunarmælingar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni, skipulag og skoðunarferð
- Kynning á fylgigögnum

1. Staða frá síðasta eftirliti

Engin opin frávik eru útistandandi vegna fyrri eftirlita. Íslenska Gámafélagið ehf. er enn með spilliefnamóttöku í húsnæði sem áður bar staðfangið Koparsléttu 22. Sú heimild var felld úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar árið 2022. Í kjölfarið samþykkti borgarráð breytingu á deiliskipulagi Esjumela í september 2022 þar sem lóðirnar að Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22 voru sameinaðar undir heitinu Kalkslétta 1.

Í mars 2023 gaf Umhverfisstofnun út málslokabréf og staðfesti að frávikið væri leyst þar sem skilmálar Kalksléttu 1 gilda nú fyrir hina sameinuðu lóð. Tæknilega er því starfsemin á svæðinu innan gilds starfsleyfis, þó hún hafi áður verið talin óheimil á Koparsléttu 22 eitt og sér.

2. Áhættumat

Áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar um tíðni eftirlits var yfirfarið í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og uppfært miðað við niðurstöður eftirlitsins.

3. Skil samkvæmt starfsleyfi

Farið var yfir starfsleyfið með rekstraraðila. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi rekstraraðila. Íslenska Gámafélagið vinnur samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og 14001. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað þann 26. ágúst 2025, þ.e. eftir lokafrest 1. maí (frávik frá gr. 4.5).

4. Vöktunarmælingar

Við eftirlitið kom í ljós að mælingar fyrir árið 2024 höfðu ekki verið framkvæmdar og að nýlega hafði verið tæmt úr mengunarvarnabúnaði. Samkvæmt starfsleyfi ber að framkvæma mælingar á úttaki olíuskilju einu sinni á ári og fyrir hverja tæmingu ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarpró (gr. 4.2). Með tæmingu er átt við söfnunarpró, en ekki olíuskilju, þar sem söfnunarpróin fangar allt frárennsli sem getur innihaldið spilliefni.

Við skoðun á niðurfalli utan við aðaldyr sást olíutaumur sem gefur til kynna að efni berist reglulega í frárennislískerfið.

Það er því ófullnægjandi að tæma búnað án þess að framkvæma fyrirhugaðar mælingar (frávik frá gr. 4.2).

Rekstraraðili skilaði mælingum á úttaki olíuskilju frá 26. september 2023 fyrir árið 2023. Niðurstöðurnar voru eftirfarandi: pH mældist 6,3 og leiðni 670 µS/cm. Olía mældist 12 mg/L og blý 0,896 mg/L, sem bæði er yfir mörkum starfsleyfis (10 mg/L og 0,3 mg/L). Önnur efni, þar á meðal BTEX, sýaníð, AOX og aðrir þungmálmar, mældust innan marka starfsleyfis.

Starfsleyfið setur í gr. 4.3 losunarmörk fyrir úttak í fráveitu. Olía (HOI og BTEX) má ekki fara yfir 10 mg/l og pH skal vera á bilinu 2,0–11,0. Fyrir sértæk efni eru mörkin sýaníð 0,1 mg/l og AOX 1,0 mg/l. Þá gilda einnig strangar kröfur um þungmálma: blý (0,3 mg/l), kvikasilfur (0,01 mg/l), kadmíum (0,1 mg/l), króm (0,3 mg/l), kopar (0,5 mg/l), sink (2,0 mg/l), arsen (0,1 mg/l) og nikkel (1,0 mg/l).

Rekstraraðili notar olíu- og sandskilju af flokki II (þyngdaraflosskilju), en starfsleyfið heimilar losun á 10 mg/L af olíu. Samkvæmt staðlinum EN 858 og Leiðbeiningum um olíuskiljur (UST-2024:20) geta einungis skiljur af flokki I (samrunaskiljur) tryggt slík mörk, en skiljur af flokki II eru hannaðar fyrir losun allt að 100 mg/L.

Auk olíu og blýs, sem fóru yfir starfsleyfismörk, komu einnig fram mjög há gildi fyrir svifagnir (2240 mg/L) og heildaruppleyst efni (TDS 10.972 mg/L), þó starfsleyfið setji ekki mörk fyrir þau. Þessi niðurstaða bendir til að frárennslisvatnið sé bæði olíumettað og hlaðið uppleystum efnum og svifögnum. Þar sem eini mengunarvarnabúnaðurinn á staðnum er flokkur 2 olíu- og sandskilja án söfnunarþróar, er ljóst að búnaðurinn er ófullnægjandi til að uppfylla starfsleyfiskröfur og til að tryggja viðeigandi varnir gegn mengun.

Engin niðurföll eru í aðalflokkunarrými innan húss, og því virkar allt rýmið í reynd sem lekabytta. Hins vegar var mikið magn af spilliefnum sem búið var að flokka geymt utandyra, bæði í opnum körum og gámum. Ef efni hellist niður fyrir utan hús skapast veruleg mengunarhætta þar sem frárennsli á planinu getur leitt efni beint í niðurföll og út í fráveitu án þess að viðeigandi mengunarvarnir virki.

5. Áætlanir og viðbrögð

Rekstraraðili hefur skilað uppfærðri tryggingu fyrir bráðamengun, verklýsingu fyrir reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði, teikningum fyrir frárennsli og viðbrögðum við mengunaróhappi.

6. Umgengni, skipulag og skoðunarferð

Við skoðun á starfsaðstöðu kom í ljós að spilliefni eru geymd utandyra í ólæstum hirslum, sem er andstætt ákvæðum starfsleyfis um geymslu og öryggi spilliefna. Að auki var mikið magn af flokkuðum spilliefnaeiningum geymt á planinu utandyra, sem eykur verulega hættu á mengun ef efni leki niður eða fari í frárennsli.

7. Kynning á fylgigögnum

Rekstraraðili fékk kynningu á áhættumati 2025, breyttri gjaldskrá Umhverfis- og Orkustofnunar og breytingum á fyrirkomulagi eftirlita stofnunarinnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr 4.5.	Seinkun á skilum ársyfirlits 2024. Rekstraraðila ber að skila ársyfirliti fyrir 1 maí ár hvert. Ársyfirliti 2024 var skilað 26 ágúst 2026.
gr 4.2	Engar vöktunarmælingar voru framkvæmdar hjá rekstraraðila 2024. Rekstraraðili skal vakta frárennsli einu sinni á ári og fyrir hverja tæmingu safnþróar.
gr 3.4 og 3.5	Söfnunarpró fyrir frárennsli ekki til staðar í spilliefnamóttöku. Starfsleyfi kveður á um slíkan búnað.

- gr 4.3 Olíu- og sandskilja af flokki 2 (NS13) stenst ekki skilyrði starfsleyfis. Starfsleyfið kveður á um losunarmörk 10 mg/l sem aðeins skilja af flokki 1 getur uppfyllt.
- gr 2.3 Spilliefni geymd utandyra í ólæstum hirslum. Öll spilliefni skulu geymd innandyra eða í læstum gámum utan vinnutíma.
- gr 2.4 Skortur á verklýsingu fyrir reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði. Lagfært strax eftir eftirlit.
- Gr. 4.3 Of há gildi mældust fyrir olíu (12 mg/L) og blý (0,896 mg/L) í úttaki olíuskilju, umfram leyfileg mörk starfsleyfis (10 mg/L og 0,3 mg/L).

Reykjavík, 07.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson